

Kæru gestir,

Ég vil bjóða ykkur velkomin á okkar árlegu fjármálaráðstefnu. Það er alltaf jafn gaman að hitta þennan góða hóp sem er hér samankominn.

Fjármálaráðstefnan er stærsti viðburður þessa árs á vegum sambandsins. Hér eru samankomnir nær fimm hundruð ráðstefnugestir. Fljótlega eftir að opnað var fyrir skráningu varð uppselt og biðlisti myndaðist. Þessi mikla eftirspurn segir okkur að sveitarstjórnarfolk hafi gagn og gaman af viðburðinum. En segir okkur líka að það er mikil þörf á að ræða fjárhagslega stöðu sveitarfélaga. Það munum við gera en við erum með mörg fróðleg erindi og góða gesti eins og þið sjáið á dagskránni -og umræður sem ég hvet ykkur til að taka þátt í. Eins hvet ég okkur öll til að nýta þau tækifæri sem gefast til að kynnast nýju fólki því oft leynist mikið verðmæti í samtali kollega og fjármálaráðstefnan er frábær vettvangur til þess.

Fjárhagur sveitarfélaga og verðbólga

En hvaða þýðingu hafa sveitarfélög fyrir daglegt líf fólks og hvaða áhrif hefur það ef við höfum ekki burði til að byggja upp þá innviði sem eru nauðsynlegir í samfélögum okkar til að þau dafni og þróist áfram tryggja uppbyggingu húsnæðis, heilnæmt umhverfi, samgöngukerfi, frárennsli, hreint vatn, sorp ! Ekki burði til að mennta börn, þjónusta þau sem þurfa stuðning eða stuðla að fjölbreyttum virkni og atvinnutækifærum.

Það er ljóst að traustur fjárhagur sveitarfélaga er auðvitað grundvöllurinn fyrir þessu öllu, grundvöllur góðra lífsgæða, jöfnuðar og búsetufrelsis.

Án nægilegs fjármagns náum við ekki okkar markmiðum, sem þýðir að Ísland nær ekki sínum markmiðum. Það er alvarlegt fyrir framtíð okkar

samfélags og fyrir okkur lýðræðislega kjörna fulltrúa frá öllum flokkum hjá ríki eða sveitarfélögum,- sem setjum stefnur og markmið að miklu leiti í samvinnu og sú samvinna mætti jafnvel vera enn meiri að mínu mati. Með sameiginlega framtíðarsýn og raunhæfar aðgerðaáætlanir gætum við hið opinbera gert svo miklu betur.

En við búum við óstöðugt efnahagssumhverfi og röð áfalla hefur leikið okkur grátt, fyrst hrunið og svo covid auk þess sem árás rússa inn í úkraínu hefur margvísleg áhrif. Nú er það ekki hvað síst verðbólga sem hefur verið allt að 10% á undanförunum mánuðum, tæp 8% í síðustu mælingu. Verðbólga rýrir kaupmáttinn og byrði húsnæðisskulda þyngist með vaxtahækkunum og auknum verðbótum. Það er þröngt í búi víða, ekki síst hjá unga fólkinu sem við viljum að festi rætur hér á Íslandi. Þessi háa verðbólga setur líka í uppnám fjármögnun sveitarfélaga á uppbyggingu nauðsynlegra innviða.

En það er líka þröngt í búi hjá hinu opinbera bæði ríki og sveitarfélögum sem við höfum í heild rekið með halla síðustu ár, eftir röð áfalla. En tekjur eru að aukast mun meira hjá ríki en sveitarfélögum. Á síðasta ári jukust tekjur ríkisins um 27,8% og vorum um 1215 millj meðan tekjur sveitarfélaga jukust um 11% og námu alls 481,8 milljörðum króna, útgjöld okkar jukust hinsvegar um 12 % og ríkis um 11% í fyrra.

Mér finnst mikilvægt að við ræðum þá skiptingu opinskátt hér, hvort ekki sé betra fyrir íslenskt samfélag að tryggja nærþjónustu fyrst, hvort ekki sé rétt að forgangsraða þannig meðan við vinnum í sameiningu að því að koma böndum á verðbólguna og byggja upp betra samfélag.

Framhaldið er í okkar höndum. Það er ekkert sjálfgefið að verðbólgan æði hér áfram. Miklu skiptir að víðtæk samstaða náist í næstu kjarasamningum um hóflegan og jafnan kaupmáttarauka, þar sem hinir lægst launuðu verði í fyrirrúmi. Það mun þýða að laun sveitarfélaga hækka hlutfallslega meira en á almennum markaði þar sem að við borgum enn stórum hluta okkar starfsfólks lægstu launin. Það skiptir okkur því miklu máli að við náum stærra samtali um aðgerðir sem hið opinbera getur ráðist í til að jafna kjör fólks.

Kjarasamningar

Þessa dagana er verið að ljúka gerð síðustu kjarasamninga sambandsins í samingalotu ársins 2023.

Einnig er nýlokið vinnu við fyrsta skref í jöfnun launa milli markaða. Í þessu skrefi eru leiðrétt laun tiltekinna starfahópa sem sinna klínískri þjónustu og menntun í gegnum breytingar á starfsmati heilbrigðisstétta og með mánaðarlegum eingreiðslum til ákveðinna starfsheita kennara.

Mörg krefjandi verkefni liggja fyrir í kjaraviðræðum vetrarins.

Kjarasamningar á almennum markaði eru lausir í lok janúar næstkomandi og á hinum opinbera í lok mars þar sem við semjum við 52 aðila og svo kjarasamningar okkar við kennarafélögin í lok maí.

Undirbúningur næstu samningalotu er löngu hafinn. Vinna við verkefnaáætlanir er fylgja nógildandi kjarasamningum er komin af stað bæði í málum sem rædd eru sameiginlega af opinberum vinnuveitendum og bandalögum opinberra starfsmanna.

Síðustu samningar voru skammtímasamningar. Brúarsamningar voru þessir samningar stundum kallaðir vegna þess að í næstu samningum

skyldi freistað að gera samninga til lengri tíma, eða til 3ja ára. Aðgerðir í húsnæðismálum verða án nokkurs vafa hluti af pakkanum enda eru húsnæðismálin eitt af stóru málunum þessi misserin.

Það er líka kallað eftir samstöðu um efnahagsstjórn, samstöðu um opinber fjármál og peningamál, til að halda aftur af verðhækkunum. Sambandið fyrir hönd sveitarfélaga gerði samkomulag við ríkið um afkomu og efnahag sveitarfélaga í mars síðastliðinn. Sambandið bindur að sjálfsögðu ekki hendur einstakra sveitarfélaga en við mælumst til þess eftir að samkomulagi hefur verið náð að sveitarfélög hagi fjármálum í samræmi við forsendur og markmið samkomulagsins. Við höfum átt gott samtal við fjármálaráðuneytið um að við vinnum í auknu mæli saman að markmiðasetningu fyrir hið opinbera. Með samkomulaginu nú fylgdi bókun okkar um að við viljum sjá tekjustofna okkar styrkta sem og listi yfir þau málefni sem okkur finnst brýnast að við förum yfir í sameiningu.

Samkomulagið kveður á um að afkoma sveitarfélaga batni hægt á næstu árum og að hækkun á skuldahlutfalli sveitarfélaga stöðvist fyrir árslok 2026. Í þessu sambandi má minna á að fjármálareglur sveitarstjórnarlaganna ganga í gildi á nýjan leik árið 2026 sem væntanlega hefur í för með sér aðhald varðandi skuldir og frekari skuldasöfnun. Á sama tíma biður ríkið okkur um að fjárfesta í nýjum hverfum og innviðum sem mun kalla á skuldsetningu ef auknar tekjur koma ekki til.

Húsnæðismál

Þar er ég að tala um löngu tímabæran húsnæðissáttmála ríkis og sveitarfélaga sem við undirrituðum fyrir um ári síðan. Metnaðarfullt plan um uppbyggingu fjölbreyttra húsnæðiskosta um allt land.

Stundum er talað eins og hlutverk sveitarfélaga þar sé bara að skaffa lóðir. Þau sem tala svona gleyma að hlutverk sveitarfélags er að stuðla að góðu samfélagi, lóð ein og sér skapar ekki lífsgæði. Það er allt í kring sem sveitarfélagið þarf að hafa burði til að fjárfesta í - götur og stígar, skólar og íþróttamannvirki, félagsstarf, skipulag þjónustu, atvinna, náttúra, menning svo eitthvað sé nefnt. Fyrir utan að sums staðar á landinu vantar fólk og fyrirtæki til að byggja upp húsnæði eða fjárfesta í því.

Eins og mælaborð húsnæðisáætlana sýnir þá strandar uppbygging ekki á lóðum, áætlað lóðaframboð næstu 5 ára en mun meira en íbúðapörf. Það sem þarf að tryggja er geta samfélagsins til að byggja og geta íbúa til að leigja eða kaupa þessar íbúðir.

Þarna er nauðsynlegt að ríkið standi við gefin loforð um fjármögnun samkomulagsins. Hér verðum við öll að leggjast á eitt. Því þetta er lykilverkefni

Eins verðum við að geta treyst fyrirætlunum ríkis um samgöngumannvirki um landið - sem og framgang samgöngusáttmála á höfuðborgarsvæðinu sem eru forsendur þess að samgöngukerfi okkar geti flutt fleira fólk á milli staða innan höfuðborgarsvæðisins. Málflutningur fjármálaráðherra undanfarið um að tefja framgang sáttmálans þá sérstaklega varðandi almenningssamgöngur er ekki gott innlegg í málið.

Kæru fundargestir,

Verkefnum sveitarfélaga hefur fjölgað umtalsvert á undanförunum áratugum og það er vel, almennt er betra og hagkvæmara að nærbjónusta sé skipulögð nálægt notendum. Hæst ber þar annars vegar yfirfærsla grunnskólans árið 1996 og síðan málefna fatlaðs fólks árið 2011. Þessum verkefnum fylgdi fjármagn í formi aukinna skatttekna sem ríkið afsalaði sér til okkar. Sveitarfélögin tóku við þessum verkefnum af metnaði, staðráðin í að gera vel og það höfum við gert. En þegar upp er staðið reyndist það fjármagn sem verkefnunum fylgdi engan veginn í takti við kostnaðinn og þær kröfur og skyldur sem þessum málaflokkum hefur fylgt. Mestu skipta auknar kröfur í lögum og reglugerðum sem leitt hafa til aukinna útgjalda sveitarfélaga án þess að viðbótarfjármagn hafi fylgt. Þrátt fyrir að ákvæði um kostnaðarmat hafi verið í sveitarstjórnarlögum í 10 ár. Það er að ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi, tillaga að stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda ríkisins myndu hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skyldi fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Það er óskiljanlegt að þetta hafi ekki verið gert – þetta þarf einfaldlega þarf að laga !

Ég nefni sem dæmi að grunnskólinn kostar í dag langtum stærri hluta af útsvarsstofni en reiknað var með við yfirfærslu. Munar hér sem nemur í kringum 1,5% af útsvarstofni eða einhverjum 30 milljörðum krónum á ári.

Í tilefni af því að röskur aldarfjórðungur er frá yfirfærslu grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga sameinuðumst við um að gera úttekt á þróun grunnskólans og þjónustu við börn á þessum tíma. Ákveðið var að skoða

þróun rekstrarkostnaðar grunnskóla, þróun skólaþjónustu sveitarfélaga og um endurmenntun grunnskólakennara og gerð og útgáfa námsgagna. Helstu niðurstöður hennar verða kynntar á málþingi um skólamál sem haldið verður 30. október næstkomandi hér í þessum sal og ég hvet ykkur sérstaklega til að taka þennan dag frá. Við tökum hins vegar smá forskot á sæluna í fyrramálið þegar og fræðumst um hvað þessi greining á yfirfærslu verkefna getur kennt okkur svo við getum gert betur í framtíðinni.

Málefni fatlaðs fólks

Hið sama á við um málefni fatlaðs fólks, það er auknum kröfum hefur ekki fylgt fullnægjandi fjármagn. Nú liggur fyrir að hallinn á málaflokknum hafi numið röskum 14 milljörðum króna árið 2021 og að uppsafnaður halli frá 2018 til 2021 hafi verið um 32 milljarðar króna á föstu verðlagi. Framundan eru gríðarlega kostnaðarsöm og mikilvæg verkefni sem lúta að því að tryggja fötluðu fólki íbúðir með þjónustu og hefur kostnaður við þessi verkefni verið metin á um 10 milljarða króna. Ég vil taka það skýrt fram að þessi uppsafnaði halli og þessu kostnaðarsömu verkefni snúa nákvæmlega ekkert að ofþjónustu sveitarfélaga gagnvart þessum málaflokk þó svo fjármálaráðherra hafi ýjað að því í viðtali á dögunum. Slík meint ofþjónusta er einfaldlega ekki til staðar, eins og fatlað fólk getur vitnað um.

Nefnd sem falið var að móta tillögur um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk er enn að störfum en mér skilst að stutt sé í að hún ljúki verkinu. Ég held það sé óhætt að fullyrða að engin þjónusta sem hið opinbera veitir hefur verið greind jafn ítarlega og mikið. Krafa sveitarfélaga um fulla fjármögnun er skýr, hún er hávær og við munum fylgja henni eftir af fullum þunga í viðræðum við ríkið, við

viljum geta veitt fötluðu fólki þá þjónustu sem það á lagalegan rétt á. Það er mikilvægt fyrir samfélagið allt og forsenda þess að sveitarfélög geti fylgt fyrirnefndu samkomulagi um afkomu og efnahag sveitarfélaga. Ég ítreka – að krafa okkar er alveg skýr og sanngjörn. Að fullfjármagna eigi málaflokkinn. Það er óþolandi að þessi viðkvæmi hópur fólks sé stöðugt í umræðu sem bitbein milli ríkis og sveitarfélaga.

Á fjármálaráðstefnunni í fyrra kom innviðaráðherra með fjármuni, 5 milljarða upp í hallann á málaflokksnum. Fyrir því var klappað hér í salnum en ég minni á að þetta er bara brot upp í uppsafnaðan halla. Ég treysti því að fjármála - og innviðarráðherra klári þetta mál – ef ekki á þessum fundi þá í næstu viku. Ég skora á þessa góðu menn og veit þið takið öll undir hér.

Kæru gestir,

Málefni fólks á flóttu

Ein af okkar stóru áskorunum þessi misserin er móttaka fólks á flóttu sem hefur komið hér í leit að vernd. Allar líkur eru á að fólki á flóttu muni fjölga á næstu árum og áratugum, enda er ekkert lát á stríðsátökum og ofsóknum í heiminum. Þá er líklegt að fólk muni einnig flýja hamfararhlýnun í framtíðinni. Sveitarfélög hafa ekki skorast undan að taka þátt í samræmdri móttöku flóttafólks og hafa nú 13 sveitarfélög vítt og breitt um landið samið við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um móttöku á 3.309 flóttafólki. Í samningum felst að tryggja flóttafólki sem hefur fengið alþjóðaleg vernd eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða samfellda og jafna þjónustu, óháð hvaðan eða hvers vegna það er að koma, og óháð því í hvaða sveitarfélagi það sest að.

Verkefnið hefur verið krefjandi, ekki síst vegna húsnæðisskorts og þeirri áskorun að veita þjónustu og stuðning við börn á leik- og grunnskólaaldri. Það er staðreynd að þeir fjármunir sem ríkið hefur lagt sveitarfélögunum til er langt undir raunkostnaði. Samningar um samræmda móttöku renna út í lok þess árs og nauðsynlegt er að viðræður um nýja samninga hefjist sem fyrst.

Það hefur varla farið fram hjá neinum umfjöllun í fjölmiðlum um flóttafólk sem svipt hefur verið þjónustu á vegum ríkisins samkvæmt ákvæðum útlendingalaga. Afstaða sambandsins í þessu efni er skýr; sveitarfélögum er ekki skylt að veita þeim erlendu ríkisborgurum fjárhagsaðstoð, sem vísað hefur verið úr þjónustu ríkisins. Boltinn er hjá ríkinu, það er þess að skýra og ákveða hvað tekur við og mér skilst sú vinna sé í fullum gangi.

Ferðmenn og innviðir

Ferðamannabransinn hefur vaxið hratt á undanförunum árum og hefur náð þeim hæðum sem hann var í fyrir Covid-19. Ferðamálastofa býst við að gistinætur verði fleiri en nokkru sinni fyrr, eða hátt í níu milljónir, en metið var tæpar 7,5 milljónir 2018. Þessi mikli fjöldi setur auðvitað álag á innviði - innviði sem sveitarfélögin borga að mestu leyti. Því er eðlilegt að sveitarfélögin fái meira í sinn hlut þegar kemur að gjaldtöku á ferðamönnum.

Úrgangsmál og hringrásarhagkerfið

Ég get ekki annað en nefnt hér innleiðing hringrásarhagkerfis og úrgangsmálin sem er sá málaflokkur sem er sífellt að verða dýrari í rekstri hjá sveitarfélögunum, sérstaklega eftir að nýjar lagakröfur tóku

gildi í upphafi árs. Sveitarfélögum hefur í fjölda ára verið skylt að innheimta að fullu þjónustugjöld í takt við kostnað. Ef miðað er við reyngu nokkurra sveitarfélaga sem boðið hafa út þjónustuna nýverið á grundvelli nýju laganna er fyrirséð að þjónustugjöld, eða svokölluð sorphirðugjöld, muni hækka verulega og jafnvel tvöfaldast í sumum sveitarfélögum.

Í kostnaðarmati laganna frá 2021 var gert ráð fyrir því að úrvinnslugjald myndi dekkja aukin kostnað sveitarfélaga við bæði aukna sér söfnun og aðra meðhöndlun úrgangsflokka sem í eru vörur og umbúðir sem bera úrvinnslugjald, svo sem pappírs og pappa og plasts. Einungis var gert ráð fyrir kostnaðaraukningu sveitarfélaga vegna lífúrgangs. Það fer víðs fjarri að þetta hafi gengið eftir.

Sveitarfélög fá lítinn hluta af greiðslum Úrvinnslusjóði greidd til sín þrátt fyrir að vörur sem sjóðurinn ber ábyrgð á rati inn í söfnunarkerfi sveitarfélaganna. Greiðslur sjóðsins renna aftur á móti að langstærstu leyti til verktaka sem sveitarfélögin semja við. Hér verður framleiðendaábyrgðarkerfið einfaldlega að virka betur og munum við hjá sambandinu leggja mikla áherslu á úrbætur á kerfinu til svo hægt verði að ná böndum á kostnaðaraukningu.

Lokaorð

Kæru gestir,

Undanfarna mánuði hef ég heimsótt hluta sveitarfélaga landsins og hlakka til að halda því áfram. Það er magnað að finna kraftinn sem í sveitarstjórnarfólki býr og sjá alla þá spennandi starfsemi og þróun sem á sér stað um land allt. Við erum um það bil fimm hundruð sem tökum

Þátt í því lýðræðisverkefni sem stjórnun sveitarfélaga er og stórt hlutfall íbúa sem á einhverjum tíma hefur tekið þátt í að stjórna sínu nærsamfélagi. Við þekkjum okkar samfélög best og metnaður okkar fyrir því að gera vel er mikill.

Við í stjórn sambandsins og starfsfólk höfum unnið að breytingum á skipulagi skrifstofu sambandsins. Í þeirri vinnu hefur verið lögð áhersla á að við styðjum betur við sveitarfélögin og ná betri innsýn í lykilbreytur við ákvarðanatöku. Til starfa kom nýr framkvæmdastjóri í vor og við erum samhent í því að byggja upp samband samstíga sveitarfélaga að skapa umgjörð til sækja fastar fram og ná meiri árangri fyrir sveitarfélög landsins. Við höfum áhuga á að þróa áfram fleiri mælikvarða til að mæla árangur sveitarfélaga. Til að hjálpa okkur að verja þeim fjármunum sem við höfum í þá hluti sem skila okkur mestri velferð og hamingju íbúa.

Eins og ég hef farið yfir þá standa sveitarfélögin frammi fyrir gífurlegum fjárhagslegum áskorunum í rekstri sínum. Þessar áskoranir munu fyrirsjáanlega bara aukast á næstu árum, það er verk að vinna í að tryggja hér umhverfislega, félagslega og fjárhagslega sjálfbært sveitarstjórnarstig.

Ég segi Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga árið 2023 setta.